



Brynjólfur biskup og 17. öldin

Biblúfélagið

Biskupsstofa

Guðfræðistofnun Háskóla Íslands

Heimspækistofnun Háskóla Íslands

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Rannsóknarstofnun KHÍ

ReykjavíkurAkademían

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands

Skálholtsskóli

Skálholtsstaður

Stofnun Árna Magnússonar

Sögufélag Árnesinga

Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands

Eftirfarandi hafa undirbúið fjögurra alda minningu Brynjólfs Sveinssonar:

Verkefnisstjórn:

Jón Pálsson, Biblíufélaginu.
Sigurður Pétursson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands
Torfi H. Tulinius, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, formaður

Sýningarhópur

Björk Ingimundardóttir, Þjóðskolasafni Íslands
Emilfa Sigmarsdóttir, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni
Guðrún Ása Grímsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar
Guðrún Guðmundsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands
Helgi Þorláksson, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands
Ólafur J. Engilbertsson, hönnuður, Sögumiðluninni
Sigurður Pétursson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands

Ráðstefnu- og útgáfuhópur

Gunnar Harðarson, Heimspekistofnun
Margrét Eggertsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar
Sigurður Pétursson, Hugvísindastofnun
Torfi H. Tulinius, Hugvísindastofnun

Tónleika- og menningarhópur

Hilmar Örn Agnarsson, Skálholti
Inga Huld Hákonardóttir, ReykjavíkurAkademíunni
Jóhanna Bergmann, Þjóðmenningarhúsinu
Jón Pálsson, Biblíufélaginu
Kári Bjarnason, ReykjavíkurAkademíunni
Sigurður Halldórsson, Skálholtstónleikar

Aðrir sem tekið hafa þátt í undirbúningnum

Árni Svanur Danielsson, Biskupsstofu
sr Bernharður Guðmundsson, Skálholtsskóla
Einar Sigurbjörnsson, Guðfræðistofnun
Ingólfur Guðnason, Engi, Biskupstungum
Kristinn Kristmundsson, Sögufélagi Árnesinga
Loftur Guttormsson, Rannsóknarstofnun KHÍ
Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands
sr Sigurður Sigurðarson, Skálholti
Skúli Sæland, Sögufélagi Árnesinga
Þorgerður E. Sigurðardóttir, Hugvísindastofnun
Þórdís Gísladóttir, Hugvísindastofnun

Hönnun sýningar og sýningarsskrár: Ólafur J. Engilbertsson/Sögumiðlunin ehf.

Smíði kirkjulíkans: Sigurður Halldórsson, Móðelsmíði ehf.

Prentun sýningar: Sýningakerfi ehf.

Prentun sýningarsskrár: Svansprent ehf.

Fylgt úr hlaði

Þann 14. september 2005 voru 400 ár liðin frá fæðingu Brynjólfs Sveinssonar biskups (1605-1675). Brynjólfur gegndi mikilvægu hlutverki í sögu Íslands, sem leiðtogi kirkjunnar, veraldlegur höfðingi, heimspekingur, fræðimaður, latínuskáld og frumkvöðull á sviði mennta og kirkjustjórnar. Hann hafði forgöngu um að safna handritum og lét skrifa þau upp. Sem biskup dró hann úr áhrifum galdrafársins í samtíð sinni, auk þess sem fræg er harmsaga sú sem varð vegna samdráttar dóttur hans Ragnheiðar og Daða Halldórssonar. Það leikur enginn vafi á því að Brynjólfur Sveinsson er eitt af stórmönnum Íslands sögunnar og því mikilvægt að hans sé minnst á tímamótum eins og þessum.

En Brynjólfur átti ekki bara minnisverða ævi, hann var einnig uppi á merkum tímum. Sautjándi öldin er mikilvæg í sögu Íslendinga, ekki síst í menningarsögunni. Fræðimenn þessa tíma varðveittu margt frá miðöldum sem ellegar hefði glatast, auk þess sem Íslendingar tóku virkari þátt þá en oft áður og síðar í menningarstraumum samtíðar sinnar. Óhætt er að segja að sautjándi öldin hafi gegnt þýðingarmiklu hlutverki í því að koma vitneskjunni um íslenskar miðaldir áfram til okkar, auk þess sem hún er áhugaverð á eigin forsendum.

Undir forystu Hugvísindastofnunar tóku neðangreindar stofnanir og samtök sig saman um að nýta það tækifæri sem fjögurra alda afmæli Brynjólfs gefur til að vekja athygli á þessum merka manni og samtíð hans og til að efla rannsóknir á verkum hans, sögu og 17. öldinni í sögu Íslendinga:

Bíblíufélagið

Biskupsstofa

Guðfræðistofnun

Heimspekistofnun

Hugvísindastofnun Háskóla Íslands

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Rannsóknarstofnun KHÍ

ReykjavíkúAkademían

Sagnfræðistofnun

Skálholtsskóli

Skálholtsstaður

Stofnun Árna Magnússonar

Sögufélag Árnesinga

Þjóðminjasafnið

Þjóðskjalasafn

Auk sýningar í Þjóðarbókhöfðinu og ráðstefnu þar og í Skálholti 16. - 18. sept. 2005, eru margvíslegir viðburðir af ólíkum toga fyrirhugaðir á afmælisárinu. Þar má telja útgáfu á heimspekiritum og kvæðum Brynjólfs, hátíðarmessu í Holti, fæðingarstað Brynjólfs, fyrirlestra og sýningar á Ísafirði, Hólum, Skriðuklaustri, í Skálholti og víðar á Suðurlandi.

Það hefur verið afar dýrmætt fyrir Hugvísindastofnun að fá að leiða þetta verkefni og eiga frjótt og gott samstarf við starfsmenn áðurnefndra stofnana og samtaka. Eiga þeir allir bestu þakkir skildar fyrir mikla og óeigingjarna vinnu við undirbúninginn. Ólafi J. Engilbertssyni er þakkað fyrir lipurð og hugkvæmni við hönnun á sýningunum og Fornleifastofnun Íslands fyrir lán á teikningum og gripum frá Skálholti. Sömuleiðis er hinum fjölmörgu styrktaraðilum verkefnisins færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Ekki er hægt að láta það undir höfuð leggjast að nefna hlut Jóns Pálssonar, framkvæmdastjóra Biblíufélagsins, og Sigurðar Péturssonar, lektors í latínu. Þeir áttu frumkvæði á því að verkefnið fór af stað og hafa vakað yfir því af alúð og ræktarsemi allan þann tíma sem það hefur verið í undirbúningi. Eiga þeir miklar þakkir skilið.

Torfi H. Tulinius, prófessor

Forstöðumaður Hugvísindastofnunar

Persóna Brynjólfs

Heimildir um ævi og störf Brynjólfs biskups Sveinssonar eru óvenju miklar og fjölskrúðugar. Meginhluti bréfabóka hans er varðveittur og einnig vísitásiúbækur og prestastefnur. Þá létu ýmsir samtíðarmenn hans og yngri kynslóðir eftir sig rit þar sem Brynjólfs er minnst með ýmsum hætti. Loks má nefna ýmiss konar önnur skjöl og rit hans sjálfs. Mikill efniviður er því til staðar ef menn vilja reyna að draga upp mynd af manninum Brynjólfi Sveinssyni. Í þessari stuttu umfjöllun sem ætlað er að rýna örlítið í einkahagi Brynjólfs verður einkum stuðst við þrenns konar heimildir, ævisögur, bréfaskipti og latneskan kveðskap hans.

Varðveittar eru tvær merkilegar ævisögur Brynjólfs. Aðra samdi síra Torfi Jónsson í Gaulverjabæ, bróðursonur hans og svili, skömmu eftir lát hans en hina samdi síra Jón Halldórsson í Hítardal líklega snemma á 18. öld. Af þessum ævisögum má sjá að þegar í æsku sýndi Brynjólfur mikla greind, stefnufestu og ábyrgðarkennd, eiginleika sem áttu eftir að fylgja honum alla lífsleiðina. Á tólfta ári, þ.e. árið 1617, hafði hann meðal annars lesið alla hina heilögu ritningu fimm sinnum og þá um haustið reið faðir hans síra Sveinn Símonarson í Holti í Önundarfirði alla leið suður í Skálholt með syni sína Gissur og Brynjólf til þess að setja þá í latínuskólann þar. Eftir sex vetra nám þar sneri Brynjólfur aftur til foreldra sinna í Holti þar sem hann dvaldist í rúmt ár og stundaði þar meðal annars sjálfsnám uns hann hélt til Kaupmannahafnar haustið 1624 til að innritast við háskólann. Þar stundaði hann nám til vors 1629, ef undan er skilið sumarið 1625, þegar hann dvaldist á Íslandi vegna drepsóttar er geisaði í Kaupmannahöfn. Drepsóttin var hins vegar ekki hið eina sem herjaði á íbúa Danmerkur á þessum árum. Hinn vígreifi konungur Danaveldis, Kristján IV, fór illu heilli að skipta sér af þeim átökum sunnar í álfunni, sem nefnd eru einu nafni þrjátíu ára stríðið. Konungur fór halloka og árið 1627 var meira að segja svo illa komið fyrir honum að óvinaher réði Jótlandi og menn biðu þess aðeins að fjandmenn mundu ráðast á Sjáland. Hermenn rændu og rupluðu hvar sem þeir fóru um og þótt



Vatnslitamynd af Brynjólfi biskupi Sveinssyni. Þjms.

*Teikning af Brynjólfskirkju
eftir John Cleveley frá 1772.*




konungur næði merkilega hagstæðum friðarsamningum snemma árs 1629 var Danmörk afar illa leikin eftir þennan ófrið og stórveldisdraumar konungs voru héreftir í raun einungis tálsýnir. Ljóst er því að Hafnardvöl Brynjólfs hefur verið honum mikil og margþætt lífsreynsla. Í námi hafði honum gengið afburðavel og var hann orðinn vel kunnur fyrir lærdóm sinn en sú blanda af glæsileika og nóturleika mannlífs sem hann varð vitni að í Danmörku á þessum árum hlýtur að hafa haft mikil áhrif á dýpstu hugsanir hans.

Vorið 1629 urðu miklar breytingar í lífi Brynjólfs. Hann sneri aftur til Íslands eftir langa útivist og dvaldist nú lengst af hjá foreldrum sínum bæði við almennt sveitastörf og sjálfsnám til hausts 1631. Tvisvar reið hann þó til þings til að koma sér á framfæri en ekki virtist blása byrlega fyrir honum þrátt fyrir allan lærdóminn. Fyrir sunnan hittu hann góðvin sinn Vigfús Gíslason frá Bræðratungu. Ekki er með öllu ljóst hvernig samskipti Brynjólfs við Bræðratungufólkið þróaðist á þessu æviskeiði hans, en lát föður Vigfúsar, Gísla lögmanns Hákonarsonar í Bræðratungu, virðist hafa orðið meiri örlagavaldur í lífi Brynjólfs en menn hafa almennt áttað sig á. Nú kom lærdómur og afburða latínukunnátta Brynjólfs sér vel. Í maílok 1631 undirritar Brynjólfur

formála að erfiljóði á latínu um Gísla lögmann, því lengsta sem vitað er til að hafi verið ort á Íslandi, og tileinkar það Þorláki biskupi Skúlasyni tengdasyni hans og lögmannssonunum, Vigfúsi og Hákon. Þótt ljóðið sé einungis varðveitt í 18. aldar afskrift og rifnað hafi horn úr handritinu, er þó auðséð að til verksins hefur verið vandað. Það er ort samkvæmt alþjóða lærdómshefð og meginmarkmið kvæðisins er að sýna biskupi og bræðrunum samúð og lotningu. Hvort á undan hafi farið viðræður um þetta ljóð skal ósagt látið, en laun hlaut Brynjólfur haustið 1631 þegar hann sneri aftur til Hafnar með tilstyrk Þorláks biskups og Vigfúsar vinar síns. Þetta olli straumhvörfum í lífi Brynjólfs.

Brynjólfur komst nú aftur í það menntasamfélag sem hann þráði. Á árunum 1632-38 var hann konrektor latínuskólans í Hróarskeldu sem talinn var ganga næst Frúarskóla í Höfn að virðingu og árið 1633 hlaut hann magistersnafnbót við Hafnarháskóla, æðstu lærdómsviðurkenningu sem heimspekideild háskólans gat veitt. Brynjólfur hefur því tekið þátt af fullum krafti í því merka menntalífi sem átti sér stað í Kaupmannahöfn á þessum árum. Persónuleg kynni hafði hann af mönnum eins og Thomas Fincke, sem var prófessor í 65 ár, tengdasonum hans, hinum miklu fræðimönnum Caspar Bartholin og Ole Worm, og biskupunum Hans Resen og Jesper Brochmand, svo að einhverjir séu nefndir. Að einu leyti hefur Brynjólfur þó fundið til vanmáttar síns. Allir þessir menn höfðu dvalist við merka háskóla sunnar í álfunni og sumir þeirra svo árum skipti. Fyrir stoltan mann eins og Brynjólf hefur það eflaust verið erfitt að kyngja þessu um leið og það hefur brýnt vilja hans til að öðlast sjálfur þessa reynslu. Til þess skorti hann hins vegar fjármuni en úr því leystist árið 1638 þegar Hróarskelduskóli veitti honum fjárstyrk til námsdvalar erlendis.

Áður en að lagt yrði í þessa ferð vildi Brynjólfur fara til Íslands að ráðstafa eigum sínum og kveðja föður sinn aldraðan, en móðir hans var þá látin. Íslandsferðin fór á annan veg en nokkurn hafði órað fyrir. Gísli biskup Oddsson í Skálholti lést sumarið 1638 þá er Brynjólfur var nýkominn til landsins og var Brynjólfur kosinn biskup í hans stað. Færðist hann eindregið undan og skrifaði meira að segja langt afsökunarbréf til Kristjáns Friis kanslara og baðst undan þessari tign. Mörgum Íslendingum hefur líklega þótt það óskilj-



JS 400a 4to

anlegt að nokkur skyldi vilja hafna æðsta embætti kirkjunnar á Íslandi og víst er að margir hafa velt afstöðu Brynjólfs fyrir sér og ólíklegt má telja að endanlegt svar fáiist nokkru sinni við því. Menn skulu aldrei gleyma því að þótt Brynjólfur væri fullur metnaðar hafði hann einnig til að bera mikla einurð og samviskusemi gagnvart hverju því verki sem hann tók að sér. Hugur hans stefndi annað og þá líklega ekki innan kirkjunnar sem hann hafði ekki þjónað fyrr. Afsökunarbréf hans á latínu má lesa í tveim prentuðum ritum, þ. e. í biskupasögum Jóns Halldórssonar, og er það bréf talið frumrit, og í kirkjusögu Finns Jónssonar. Megininntak þessara bréfa er hið sama en þau eru ekki orðuð á sama hátt hver sem ástæðan kann að vera. Í bréfunum telur Brynjólfur upp ýmsar ástæður fyrir því að vilja ekki þiggja embættið, en sú er hann leggur mikla áherslu á sýnir okkur líklega best hvernig Brynjólfi var innanbrjóst. Hann biður kanslarann einarðlega að verja frelsi sitt og leggja því sanngirnismáli lið að hann verði ekki neyddur til þess að taka að sér biskups-embættið. Allt kom fyrir ekki. Dönsk stjórnvöld úrskurðuðu að hann skyldi hlýða þessu kalli, sem þýddi að hefði Brynjólfur enn neitað, hefði hann vak- ið reiði konungs og ekki átt sér mikla framavon í ríkjum hans. Brynjólfur gat ekki mikið annað gert en haldið til Glücksburg að finna konung og þakka honum heiðurinn. Í maí 1639 var hann vígður til biskups og hélt skömmu síðar til Íslands. Áform Brynjólfs um að afla sér frekari menntunar suður í álfu voru því að engu orðin og nyr veruleiki blasti við. Ekki er vitað hvert Brynjólfur hafði ætlað sér að fara og því ógerlegt að segja hverju hann neydd- ist til að hafna. Sumir hafa viljað túlka afstöðu Brynjólfs sem uppgerðarhóf- semi, en sú einurð sem býr í orðum hans til kanslarans mælir þó gegn því. Einhverra hluta vegna var Brynjólfur tregur til þess að axla þessa ábyrgð, en þegar ákvörðunin var endanleg, er ekki annað að sjá en að hann hafi rækt embættisskyldur sínar af sinni stöku festu og samviskusemi.

Í Skálholti bjó Brynjólfur það sem eftir var ævinnar, þ. e. rúm 36 ár. Framan af virðist flest hafa gengið honum í hagin. Árið 1640 gekk hann að eiga Margréti Halldórsdóttur Ólafssonar lögmanns og var brúðkaup þeirra hald- ið með mikilli viðhöfn á heimili móður brúðarinnar í Skriðu í Hörgárdal. Viðstaddir voru meðal annarra vinir og velgerðarmenn Brynjólfs Þorlákur Hólabiskup og mágur hans Vigfús og Hákon Gíslasynir. Í tilefni brúðkaups- ins orti Sigfús Egilsson, síðar dómkirkjuprestur á Hólum mikið latínukvæði

sem prentað var í Kaupmannahöfn árið 1643 og er eintak af því varðveitt í Landsbókasafni og ber greinilega með sér andblæ hins lærða samfélags 17. aldar. Samband sitt við þennan alþjóðlega menntaheim reyndi Brynjólfur eftir megni að rækta, eins og sjá má t. d. af ýmsum bréfum hans við erlenda lærdómsmenn og latnesku heillaóskakvæði hans sem birt er í Saxo-skýringum Stephaniusar sem út komu í Sórey árið 1645. Fjölskyldulíf Brynjólfs virðist hafa verið farsælt fyrstu tvo áratugina í Skálholti. Biskupshjónunum búnadist vel og þeim fæddust sjö börn, þótt vissulega hljóti það að hafa varpað skugga á líf foreldranna að einungis tvö þeirra komust upp. Á heimilinu var móðir biskupsfrúar í mörg ár og tvær systur hennar giftust og settust að í Sunnlendingafjórðungi, og var önnur þeirra meira að segja gift bróðursyni biskups, þannig að nákomnir ættingjar bjuggu í nágrenni Skálholts. Vinir Brynjólfs, lögmannssynirnir frá Bræðratungu, létust að vísu báðir ungir, en tengslin við ekkjur þeirra Katrínu á Stórólshvoli og Helgu í Bræðratungu, frændkonu biskupshjónanna, voru alla tíð nán og þeim öllum mikils virði. Sólargeislar í einkalífi Brynjólfs hljóta þó engu að síður að hafa verið börn hans tvö, Ragnheiður og Halldór. Brynjólfur unni þessum börnum sínum mjög og vildi búa þau sem best undir það líf sem hefðarfólk þekkti best á Íslandi. En það var einmitt á þessum vettvangi að biskup varð fyrir sárum vonbrigðum og miklum harmi. Halldóri sóttist námið illa og því var hann sendur til Englands að læra siðu heldri manna en lést þar í landi árið 1666 aðeins 24 ára að aldri. Varðveitt er með hendi biskups grafskrift sú er hann samdi á latínu á stein sem reistur var á gröf Halldórs í Yarmouth og var hann þar að kveðja síðasta barn sitt því að Ragnheiður var þá látin. Saga Ragnheiðar er mörgum Íslendingum kunn. Til að mennta dóttur sína sem best hafði faðir hennar fengið ungan stúdent, Daða Halldórsson, sem hann treysti vel, til að kenna henni. Þau felldu hugi saman og orðrómur komst á kreik að samband þeirra væri orðið mjög náið. Til að hreinsa mannorð sitt var Ragnheiður látin sverja þann eið að hún væri enn óspillt mey og til að binda endi á þetta mál var Ragnheiður síðan send til frændkonu sinnar Helgu í Bræðratungu, þar sem hún ól son rúmum níu mánuðum eftir að hún sór eiðinn. Að vonum féll biskupi þetta þungt. Nútímamenn skulu hins vegar varast að dæma Brynjólf samkvæmt almennum siðum og mati okkar samtíðar. Þetta var ekki aðeins persónulegt áfall föður heldur fylgdu þessum atburði einnig flókin mál sem snertu uppreisn fallinnar konu á tímum strangra hórdómslaga,



Regína Þórðardóttir í hlutverki Ragnheiðar Brynjólfsdóttur í Skálholti eftir Guðmund Kamban í uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur 1945.



*Mariúmynd sem talin er vera
frá Holti í Öfundarfirði,
fæðingarstað Brynjólfs. Þjms.*

erfðamál og réttarstöðu óskilgetins drengs. Ragnheiður lifði aðeins í ár eftir þetta og lést í Skálholti árið 1663 á 22. aldursári. Þessi harmsaga markaði líf Brynjólfs það sem eftir var ævinnar. Hann leysti formleg og lagaleg mál eins vel og hann taldi sig geta gert, en heift sína réði hann illa við. Hann vissi það sjálfur, tókst á við mikið samviskubít og setti traust sitt á Guð og Maríu mey. Merkan vitnisburð þessa er að finna í tveim miklum latínukvæðum, krosskvæði (De cruce carmen) og Maríukvæði (Ad beatam virginem), sem hann orti sér til hugarfróunar í raunum sínum. Í lok Maríukvæðisins komumst við líklega næst manninum Brynjólfi. Hann þakkar þar guðsmóður fyrir að hafa bjargað sér í örvilnan sinni og hann harmar sín mistök og þar á hann trúlega við eiðstafinn sem Ragnheiður var látin undirrita. Ráðríkur og óbilgjarn hefur Brynjólfur verið en hann hafði einnig þann manndóm til að bera að játa smæð sína á lokaskeiði ævi sinnar. Hann lést í Skálholti 5. ágúst 1675 og hafði þá nokkrum árum áður fylgt eiginkonu sinni og dóttursyni, sem hann hafði tekið að sér, til grafar. Ólíkt öðrum Skáholtsbiskupum var hann að eigin ósk grafinn utan kirkju hjá fjölskyldu sinni og á gröf hans var ekki lagður steinn.

Brynjólfur biskup Sveinsson og forysta hans í landsmálum

Í forystu gagnvart konungsvaldi

Brynjólfur biskup Sveinsson var talinn lærðastur allra Íslendinga um sína daga, hann aflaði sér trausts og virðingar þjóðarinnar og hún leit mjög til hans um alla forystu. En Brynjólfur var maður ekki áleitinn og forðaðist árekstra. Hann ætlaðist til afskiptaleysis veraldlegra höfðingja af kirkjumálum og vildi sjálfur ekki skipta sér af málum sem hann taldi vera á sviði þeirra. Þannig var hann tregur til að skipta sér af ýmsum landsmálum að fyrri bragði, eins og séra Torfi Jónsson í Gaulverjabæ, bróðursonur hans, tekur fram. En Brynjólfur reyndist tillögugóður þegar til hans var leitað og það var iðulega gert.

Þótt Brynjólfur væri óáleitinn, fann hann mátt sinn og taldi sig ekki þurfa að lægja fyrir neinum landa sinna. Var hann strangur og stíður þeim sem mót-próa sýndu en hinum haukur í horni.

Konungsvald vék ýmsum málum til Alþingis, einkum áður en einveldi var komið á héraendis 1662, og kom þá til kasta lögréttumanna og embættismanna að bregðast við og svara. Oft var grunnt á hinu góða með foringjum andlegrar og veraldlegrar stéttar en oftar en ekki urðu menn sátir á að fela Brynjólfi biskupi forystu um svör og viðbrögð.

Einn hinna helstu foringja veraldlegra embættismanna var Guðmundur Hákonarson, sýslumaður og umboðsmaður á Þingeyrum, og ríkti talsverður ágreiningur milli þeirra biskups. Engu að síður hlaut Brynjólfur ágætan vitnisburð manna á Alþingi árið 1651, ma. lögmanna og Guðmundar Hákonarsonar. Þeir segjast óska „að vér, ásamt vorir landsmenn, mættum sem lengst hafa og njóta hans guðrækilegrar biskupsstjórnar og blíðrar tilhlutunar, svo

*Minnismerki
um Kópavogsfundinn.*



í öðrum póstum landsins frama sem í religione“ (Alþingisbækur VI, 300). Orðin „svo í öðrum póstum landsins frama“ vekja athygli.

Brynjólfur tók ekki oft þá forystu í landsmálum sem menn ætluðust til af honum eða hann virtist einna best til fallinn. Auðsætt er að hann vildi ekki komast í útistöður við Bessastaðavalldið, hina erlendu umboðsmenn konungs á Bessastöðum, og forðaðist að gerast málsvari landa sinna gagnvart dönskum fógetum þótt honum sem öðrum mislíkaði stundum framferði þeirra stórlega. Stefna hans var að vægja fyrir Bessastaðavaldi fremur en láta sverfa til stáls og í þessu efni var hann ekki frábrugðinn veraldlegum höfðingjum almennt. Á hitt er að líta að Brynjólfur reyndi að greina sem gleggst að veraldlegt og andlegt vald og það var rökrétt afleiðing að biskup skipti sér ekki af veraldlegri pólitík. Landsmenn sættu sig ekki við þetta og fóru fram á tilhlutun hans „í öðrum póstum landsins frama“.

Landsmenn réðu því helst engum meiri háttar málum sem snertu konungsvald um daga Brynjólfs biskups án þess að leitað væri tillagna hans. Þegar slík mál voru lögð beint fyrir biskupsembætti og lögréttu, tóku lögmennt og lögrétta iðulega mið af svörum biskups. Að þessu leyti er rétt sem Jón Halldórsson í Hítardal ritar að Brynjólfur hafi verið forsvar og athvarf landinu, almúganum og þeim sem ráða hans og aðstoðar leituðu og einnig „foringi að því að svara háyfirvaldsins vandasömu erindum og boðskap“ (Biskupasögur I, 267).

Um þetta er að finna kunn dæmi. Árið 1663 kom fram á Alþingi bréf Bjelkes, hirðstjóra og höfuðsmanns, þess efnis að Íslendingar söfnuðu og legðu fram fé til kaupa á varnarskipi gegn sjóræningjum en því skyldi í reynd beint gegn óleyfðri verslun. Verslun við aðra farmenn en Dani var Íslendingum jafnan mjög í hag og þeir hafa sjálfsagt skilið hvað undir bjó. Viðbrögð Íslendinga voru athyglisverð. Brynjólfur biskup hélt prestastefnu á Þingvöllum 30. júní 1663 og samdi klerkdómurinn þá bréf og sá öll vandkvæði á að verða við tilmælum Bjelkes sökum fátæktar, hallæris og harðinda. Töldu klerkar litla bót þótt herskip kæmi og legðist í hafnir. Samþykktu þeir síðan að safna 300 ríkisdöllum og gefa Bjelke (og fógeta) en undir því fororði „að hann [Bjelke] vilji afstýra frá þessu landi og vorri stétt öllum óbærilegum nýjungum og uppáfyndingum...“ Þetta kalla þeir „honorarium“ sem þýtt var með „æruskenk“ en nefndist einfaldlega mútur, ef til kæmi í upphafi 21. aldar. (Úr bréfabókum, 157, 158). Safnaðist 351 dalur og hlaut Tómas fógeti 100, en Bjelke hitt.

Leikmenn lofuðu að leggja sitt af mörkum „með viðlíka formi til höfuðsmannsins“. Ekki er vitað hversu miklu leikmenn söfnuðu en varla minna en klerkar. Hafa þá ef til vill safnast um 200 kyrverð (800 ríkisdalir) eða meira til að gefa Bjelke og fógeta.

Þannig tókst landsmönnum að velta af sér föstum kostnaði af varnarskipinu og er enginn vafi á því að Brynjólfur biskup hefur ráðið mestu um þá stefnu sem landsmenn fylgdu í þessu máli og þeir virðast hafa treyst honum einkar vel til að semja við Bjelke. En hér bjó líklega meira undir eins og vikið skal að í tengslum við einveldistöku.

Annað dæmi um forystu Brynjólfs í landsmálum eru viðbrögð við beiðni konungsvalds um fjárframlög til virkisgerðar. Árin 1665-7 stóð enn og aftur stríð með Hollendingum og Englendingum og voru þá Danir á bandi með Hollendingum. Óttuðust þeir að Englendingar kynnu að gera einhvern óskunda á Íslandi og sendu því herskip til landsins. Það lá á Engeyjarsundi í júlímánuði 1667 en þá spurðist að friður væri kominn á og fór skipið utan en eftir varð Otti (Otte) Bjelke, bróðursonur höfuðsmanns, og sat á Bessastöðum um veturinn, í fjarveru frænda síns. Hafði konungur gefið út bréf um virkisgerð vegna stríðsins og skipaði Otti sýslumönnum að leggja á virkisskatt fyrir útmánuði 1668, að viðlögðum embættismissi.

Mikil óánægja reis vegna Ottagjaldsins, sem svo nefndist. Margir prestar neituðu að greiða, þar til Brynjólfur biskup ritaði þeim áminningarbréf. Biskup mun hafa óttast að annar þyngri skattur yrði lagður á, ef þessum yrði neitað, og voru næg rök til þessa ótta. Á áratugnum 1650-60 var óskað fjálsra framlaga almúga til spítala en almúginn var tregur. Reiddist þá konungur og hótaði í bréfi, sem lesið var upp á Alþingi 1656, að koma á föstum spítalaskatti og kann biskup ma. að hafa talið þetta víti til varnaðar. Leikmenn voru mjög óánægðir með Ottagjald, því að Otti gat ekki framvísað konungsbréfi um það, en hann hafði hins vegar höfuðsmannsvald og urðu menn að láta undan. Otti lét Suðurnesinga eða bændur á Álftanesi gera skans norðan Bessastaðatúns. Bæði í Vatnsfjarðarannál yngri 1668 og Hirðstjóraannál er talið að skansgerðin hafi verið sýndarmennska og Otti hafi haft mest af gjaldinu með sér utan. Er jafnvel fullyrt í heimildum að Otti hafi kastað eign sinni á gjaldið.

Kristján V kom til valda 1670 og bauð Íslendingum upp á að taka þátt í verslun landsins með fjárframlögum. Hvatti Brynjólfur biskup mjög til þessa en undirtektir voru engar og kann bitur reynsla manna af Otta að hafa valdið miklu um. Mönnum mun hafa blöskrað þegar megnið af virkisgjaldinu rann í vasa Otta og töldu etv. að í uppsiglingu væri álíka fjárgróðabrall af hálfu Dana. Biskup kann að hafa verið allglöggskyggn á það að hér hafi landmönnum boðist sérstakt færi á að láta nokkuð til sín taka um verslun landsins.

Annars báru landsmenn jafnan við fátækt þegar leitað var fjárframlaga þeirra eða þá að vísað var til harðinda. Oft var þó góðæri í tíð Brynjólfs en mektarmaður eins og Henrik Bjelke gat sjálfsagt frestað að birta konungsbréf og eru rök til að halda að hann hafi stundum ekki birt þau fyrr en harðnaði í ári og auðvelt var að finna rök gegn nýjum álögum. Vel samdist með Brynjólfi og Henrik Bjelke og það munu landsmenn hafa talið nokkurs virði.

Fleiri dæmi mætti tína til um aukaálögur og þau sýna að konungsvaldi fannst tilhlýðilegt að æskja sérstakra framlaga vegna varnarmála og stríðsrekstrar en að landsmönnum hafi oftár en ekki lánast að fá slík gjöld lækkuð eða hreinlega tekist að humma þau fram af sér.

Valdsmenn verja hagsmuni sína

Áðurnefndur Guðmundur Hákonarson, sýslumaður og klausturhaldari á Þingeyrum, þótti lögvís og vildu ýmsir fá hann fyrir lögmann árið 1639 en Mundt höfuðsmaður valdi Magnús Björnsson á Munkaþverá og varð svo að vera. Guðmundur setti fram rök sem dugðu þegar fallið var frá hækkun afgjalds til konungs 1639 og fékk „mikið lof og mætan orðstír, sem vel var verðugt“, svo sem segir í Skarðsárannál 1639 (Annálar 1400-1800 I, 259). Eftir þetta var Guðmundur helsti foringi umboðs- og sýslumanna og nokkurs konar hugmyndafræðingur Alþingis. Árið 1656 ritaði hann td. höfðingjum á Alþingi hugvekju og áminnti lögmenn um að afstýra nýjum álögum.

Frá fornu fari reis iðulega ágreiningur með biskupum og lögmönnum og komu þá lögmenn jafnan fram sem foringjar veraldarhöfðingja og landeigenda. Blæddi hinum veraldlegu mjög í augum jarðeignasöfnun kirkjunnar á kaþólskri tíð. Hefði mátt vænta að sú óanægja yrði úr sögunni þegar siðbreytingu var komið á og tók fyrir jarðeignasöfnun kirkjunnar. Svo var þó ekki, lögmönnum líkaði ekki að biskupsstólar héldu jarðeignum, ólíkt því sem gerðist td. í Danmörku þar sem stólarnir voru sviptir jarðeignum og biskupar voru settir á launaskrá. Lögmenn um 1600 deildu td. harkalega við Guðbrand biskup á Hólum og Odd biskup í Skálholti og veldi Guðbrands var þeim þyrnir í augum.



Valur Gíslason í hlutverki Brynjólfs biskups í uppsærslu Sjónvarpsins á Í Skálholti eftir Guðmund Kamban 1971.

Þegar Brynjólfur varð biskup var staðan önnur. Þá var lögmaður sunnan og austan Árni Oddsson, sonur Odds biskups og bróðir Gísla, fyrirrennara Brynjólfs í biskupsstarfi. Vel fór á með þeim Árna lögmanni og Brynjólfi. Fyrir norðan og vestan var lögmaður Magnús Björnsson (1639-62) og voru þeir Brynjólfur systrasynir og var vel í frændsemi þeirra. Mátti líta á þá lögmennina fremur sem bandamenn biskups en andstæðinga.

Guðmundur Hákonarson var líklega ekki ánægður með góða samvinnu Árna lögmanns Oddssonar og Brynjólfs biskups, eða lögmanna beggja og biskups, og tók að sér eins konar forystu fyrir leikmönnum gegn biskupi. Það var venjubundið hlutverk lögmanna að koma fram í nafni veraldlegra höfðingja og veita biskupum aðhald, svo sem fram er komið, og það er eins og Guðmundur hafi tekið þetta að sér. Hann hafði haustið 1655 ritað biskupi bréf eða öllu heldur ritgerð sem nú er glötuð. Svarbréf Brynjólfs er varðveitt í afriti og má ráða af því að Guðmundur hefur talið lítið kveða að völdum sýslumanna og tekjum en andlega stétt hefur hann talið ráðríka og fjárafla biskupa mikinn. Þetta reyndi Brynjólfur að afsanna. Gera má sér í hugarlund hvað Guðmundi hefur mislíkað í kirkjustjórn Brynjólfs. Biskup hafði tekið dómsvald yfir kennimönnum af veraldlegum dómurum, og var reyndar í samræmi við það sem vera skyldi því að andleg mál skyldu einungis dæmd af andlegu valdi. Biskup krafðist eigna kirkna af bændum samkvæmt fornum máldögum og fékk konung til að veita kirkjum aftur rekaréttindi á fjörum þeirra, 1650. Höfðu sýslumenn tekið undir sig slíkan kirknareka í nafni konungs. Enn harðneitaði Brynjólfur öllum álögum valdsmanna á jörðum Skálholtskirkju og afskiptum þeirra af þeim. Brynjólfur telur í rækilegu svarbréfi sínu (Úr bréfabókum, 53-8) að útgjöld séu mikil en segir síðan að sýslumenn þurfi ekki að kvarta, þeir hafi vald og gjald og geri sér allt að fépúfu enda fengið mörg konungsbréf sér í vil um næstliðna öld. Þeir hagnist „á forboði á höndlan við aðrar þjóðir“, upptæk vara og sektir séu þeim til ágóða. Þeir hagnist og á virðingu strandgóss og annars vogreks. Um löglaust atferli valdsmanna, ágirnd þeirra og innheimtuhörku er biskup harðorður. Nefnir hann til samþykktina frá 1608, gjaf toll og skinnbrókafiska (manntalsfiska). Samþykkt lögréttu 1608 um gildingu taldi Brynjólfur vitna um sérgæsku valdsmanna og stríða gegn lögum og enga stoð hafa án samþykkis konungs (Saga Íslands VI, 248-50).

Upphaflega var gjafthollur settur á til að hlífa mönnum við smásektum en sýslumenn munu lítt eða ekki hafa sinnt því. Konungur skipaði hirðstjóra að kanna 1619 hvort innheimta gjaftholls væri með eðlilegum hætti því að borist höfðu kvartanir. Brynjólfur þótti hækkan tollsins frekleg og vildi láta hana renna til spítala. Freklegast þótti honum þó að sýslumenn dæmdu hlutfallslega hærri sektir fyrir vangoldinn gjaftholl en fyrir vangoldinn skatt. Hlutu sýslumenn þriðjung slíkra sekta. Lægsti gjafthollur var 1/2 alin eða einn fiskur en væri hann vangoldinn mátti taka jafnmikla sekt og fyrir vangoldinn skatt og þingfararkaup (fjórar merkur eða 192 álnir). Árni Oddsson lögmaður féllst á að þetta væri frekleg innheimta en ekki kemur fram að Guðmundur hafi talið svo vera.

Skinnbókafiskar eða manntalsfiskar voru fyrst lagðir á aðkomna vermenn í Gullbringusýslu. Á 17. öld reyndu sýslumenn að koma gjaldinu á í Árnes- og Snæfellsnessýslu en mættu mótspyrnu. Um þennan toll ritar Brynjólfur í bréfi sínu til Guðmundar, „Munu ekki valdsmenn hafa sett nýja tolla upp á landið með skinnbókafiskum en dæmt húðlát á ef eigi gyldist? Hvar eru lög til þess?“ (Úr bréfabókum, 57). Í þessu máli var Árni Oddsson mjög á bandi með biskupi og þótti bera hag almúga fyrir brjósti. Hvorugur reis þó gegn vilja Bessastaðavalds sem leyfði aukna innheimtu gjaldsins.

Þótt Brynjólfur sé hvassýrtur, er dómur hans um valdsmenn líklega réttmættur. Þessi hópur sýslu- og umboðsmanna var efnaður vel og mægður innbyrðis og átti sameiginlegra hagsmuna að gæta. Hópurinn leitaðist við að hefja sig upp yfir allan fjöldann og gerast stétt, sem mætti nefna valdstétt eða elítu (forystuhóp). Valdstéttin hafði komist yfir eignir kirkju og fékk umráð klaustra og klaustraeigna fyrir atbeina konungs, og hélt fast í völd og tekjur, svo sem öllum mátti vera ljóst. Af því sem rakið er úr glötuðu bréfi Guðmundar má ráða að stéttinni hafi verið mjög í mun að tryggja að biskupar skertu ekki tekjur hennar. Biskup leit svo á að stéttin léti sig litlu skipta hag almúga en gengi stöðugt nær honum í freklegri innheimtu. Hann spyr í bréfinu, „Hvör gaf þeim leyfi til þess að pynta svo landið og almúgann án hærra yfirvalds upptekta?“ Um héraðsríki valdsstéttarinnar þurfti varla að efast og Brynjólfur spyr, „Ráða þeir nú ekki einir boði og banni heima í héröðum, so þar lúti almúginn að?“ (Úr bréfabókum, 57). Höfundur Íslandslýsingar 1589

er heldur ekki mildur í dómi sínum um stéttina, hann kennir henni um óhagræði, vandræði, neyð og ógæfu sem hrjái Íslendinga.

Fulltrúum valdstéttarinnar á Alþingi var tamt að leggja áherslu á þrennt, í fyrsta lagi að halda fornum réttindum stéttarinnar en í öðru að afstýra nýjum álögum af hálfu konungsvalds og þetta studdu þeir Brynjólfur og Árni Oddsson. Þriðja áhugamál stéttarinnar var að auka tekjur sínar og ein leið til þess var að leggja meira á almúga og kirkju. Brynjólfur varði kirkju sína gegn slíkri viðleitni og gagnrýndi auknar álögur valdstéttarinnar á almúgann, svo sem fram er komið, og hið sama gerði Guðbandur biskup á sinni tíð.

Spítalar

Af hvötum Bjelkes hirðstjóra bauð konungur í bréfum 1650, 1651, 1652 og 1655 að komið skyldi upp spítölum, einum í hverjum fjórðungi. Gaf hann jarðirnar Klausturhóla, Hallbjarnareyri, Möðrufell og Hörgsland undir spítala, ennfremur andvirði óþarfs lausafjár (td. á klaustrum), kristfjárjarðir, sáttafé og gjald fyrir hjúskaparleyfi til skyldra. Annars var Íslendingum ætlað að finna spítölum tekjustofna. Var þá samþykktur spítalahlutur fyrir Sunnlendingafjórðung 1652 og aðra landshluta næstu ár en Norðlendingar voru mjög tregir til að samþykkja og hlutir guldust almennt illa.

Spítalarnir voru einkum ætlaðir illa höldnum förumönnum, þar á meðal holdsveikum, og skyldi framfærslueyrir úr hrepp renna til spítala. Eftirlit skyldu annast lögmennt og biskupar og ráðnir voru sérstakir ráðsmenn. Ekki er að sjá að spítalarnir hafi orðið öflugar stofnanir á 17. öld, árið 1656 voru einungis þrír vistmenn á Hörgslandi en þá var spítalinn reyndar alveg nýr. Hins vegar voru aðeins fjórir vistaðir á Möðrufelli 1675. Reksturinn er talinn hafa gengið illa ma. vegna þess að erfitt hafi reynst að fá konur til að sinna hjúkrun. Rekstur spítalanna hefur ekki verið kannaður til neinnar hlítar, svo að kunnugt sé, og hér verður aðeins dregið á fáein atriði.

Í þessu spítalamáli, sem hafði verið lengi á döfinni, gætti nokkurrar framfaraviðleitni og reyndi á framtak og samstöðu landsmanna en þetta brást. Í ljós kom það sem við mátti búast að innlent framkvæmdavald var veikt, samstaða takmörkuð og vilji efnaðra ráðamanna til að leggja eitthvað af mörkum áber-

andi lítill. Hér skal fjallað nokkuð um framkvæmdaatriði málsins og skýrt hvað fór einkum úrskeiðis og af hverju, eftir því sem takmörkuð könnun leyfir. Bæði sýnir þetta mál hvernig vikið var til Brynjólfs biskups um forystu og jafnframt hversu erfiðlega landsmönnum gekk að bindast samtökum um þjóðþrifamál sem nú myndu talin.

Á dögum Brynjólfs biskups var spítalamálið eitt erfiðasta úrlausnarefni ráðamanna. Henrik Bjelke vildi taka þetta mál föstum tökum og naut stuðnings biskupanna, Brynjólfs og Þorláks Skúlasonar, og lögmanna, Árna Oddssonar og Magnúsar Björnssonar. Brynjólfur sinni þessu máli af vanalegri atorku í byrjun. Honum gramdist mjög hve seint tekjur innheimtust, einkum frjáls framlög sem loforð voru þó fyrir og líka aukahlutir af bátum. Konungsvaldi leiddist og þófið og hótað var með konungsbréfi 9. maí 1656 að leggja á sérskatt, ef ekki rättist úr. Bréfið var rätt á Alþingi 1656 en um veturinn áður skrifaðist Brynjólfur á við menn og lagði til að tekin yrði eins dags mál-nyta af bændum svo að ekki hallaðist á með þeim og sjómönnum. Eins vildi hann fá til spítala mismun gamla gjaftolls og þess nýja sem sýslumenn fengu í sinn hlut og hærri var.

Á Alþingi varð niðurstaðan að leitað skyldi til hinna efnaðri um frjáls framlög en föstum skatti var afstýrt, með samþykki Bjelkes. Líklega hafa menn bundið meiri vonir en fyrr við sáttafé sem konungur heimilaði til spítala og deiluaðilar sem sættust skyldu greiða (nefnd forlíkunarmál). Brynjólfur gerði grein fyrir að hér undir mættu koma sektir fyrir of mikinn aga eða óhlýðni, vanrækslu kirkjusóknar, blót, iðjuleysi, uppnefni, okur og ofdrykkju, skipuðust menn ekki við áminningar um þetta.

Árni Oddsson virðist ekki hafa tekið undir tillögur Brynjólfs um fast gjald á bændur og lækkun gjaftolls; hann gerði amk. tillögu um heitdag fyrir spítala, svo sem gert var fyrir norðan. Vísaði hann til þess að Eyfirðingar gáfu fátækum ölmusu á einmánaðarsamkomu öðru hverju (helst í harðindum?) og tíðkaðist það allt til ársins 1744. Þetta virðist ekki hafa komist á víðar enda hefur sumum etv. þótt af þessu kaþólskur keimur.



Henrik Bjelke.

*Valur Gíslason og Sunna Borg
í hlutverkum Brynjólfs biskups
og Ragnheiðar í uppfærslu
Sjónvarpsins á Í Skálholti eftir
Guðund Kamban 1971.*



Brynjólfur skyldi stjórna spítölum að Hörgslandi og Klausturhólum með Árna Oddssyni en spítala á Hallbjarnareyri með Magnúsi Björnssyni, lögmanni nyrðra og vestra. Ágreiningur varð með Árna og Brynjólfi. Biskup vildi fara hægt í sakirnar, reisa sérhús á jörðunum fyrir hina holdsveiku svo að aðrir vistmenn smituðust ekki af þeim. Tekjur til spítala vildi hann leggja í sjóð og helst ekki hefja rekstur fyrr en sjúklingar gætu lifað af rentum. Árni vildi taka alla inn strax vorið 1653 og setti traust sitt á Guð varðandi smit-hættu. Almúgi vildi koma sjúklingum og öðrum þurfandi ómögum hið fyrsta á spítalana, eins og Árni, og flestir ráðamenn samsinntu Árna í þessu svo að Brynjólfur gaf sig 1654. Nyrðra vildi Magnús fara fram með hægð en Þorlák-ur biskup Skúlason var hlynntur stefnu Árna og hófst starfræksla á Möðru-felli strax 1653. Brynjólfur taldi rétt í desember 1654 að fela Árna alla stjórn spítalanna syðra og eystra, en ekki mun hafa orðið af því. Á prestastefnu 1656 gagnrýndu tveir skaftfellskir prestar hversu miklu fé væri varið til spítalahúsa á Hörgslandi og að þar væru þó aðeins þrír menn til vistar. Biskup þykktist mjög við aðfinnslurnar og taldi best að prestarnir önnuðust reksturinn og varð það úr. Starfsemi á Hallbjarnareyri hófst 1657.

Rekstur spítalanna gekk brösulega, konur fengust td. ekki til að annast lítt færa vistmenn og aukahlutir innheimtust illa. Brynjólfi fannst bagalegt að flytja aukahluti langar leiðir til spítala og fékk samþykkt á Alþingi 1657 að þurfandi menn í heimahéraði mættu njóta þeirra, ef hentara þætti og er svo að sjá sem hann hafi viljað gera þetta að meginreglu. Spítala er ekki getið eftir 1658 á þingi fyrr en 1674 og afskiptum biskups virðist hafa lokið fyrir 1660. Spítalamálið sýnir að menn voru ekki til þess búnir að lúta forystu Brynjólfs skilyrðislaust þótt tillögur hans um málhytu og hluta gjaf tolls virtust eðlilegar og skynsamlegar. Elítunni leist betur á að þiggja ráð biskups um það hvernig mætti afstýra nýjum gjöldum af hálfu konungsvalds. Biskup var skjóttur til að segja af sér störfum þegar ekki var látið að vilja hans. Ósagt skal látið hvort það var vegna þess að hann þoldi mótblástur illa en hann taldist gjarn á að hverfa frá verki ef á móti blés, þrátt fyrir elju og ósérhlífni. Eins líklegt er að hann hafi talið sig vera kominn út fyrir eiginlegt verksvið sitt. Þá skipti líklega máli að þeir Brynjólfur og Árni Oddsson báru ekki gæfu til að vinna saman að spítalamálinu en það dró þó ekki úr vináttu þeirra.

Óvenjulegt var hversu miklu konungur var tilbúinn að verja til spítalanna og hann gerði kröfu til Íslendinga um framlög og framkvæmdir. Við þessu hefur biskup viljað bregðast enda bar Bjelke spítalana sérstaklega fyrir brjósti. En frjáls framlög veraldlegra ráðamanna brugðust að miklu leyti og skatt forðust þeir. Var þó afar óeðlilegt að sjómenn bæru einir kostnað af spítölunum og lítt að treysta á frjáls framlög, svo sem kaupmanna. Var mas. leitað til enskra farmanna um frjáls framlög enda þótti lögréttu og valds- mönnum allt betra en að fast gjald væri lagt á bændur og ráðamenn. Þá kom í ljós að landsmenn skorti framkvæmdastjórn til að fylgja málum eftir. Þeir höfðu aldrei átt neitt sameiginlegt framkvæmdavald, forysta lögmanna var td. eingöngu bundin við lög og dóma og vörslu réttinda en ekki atvinnumál eða verklegar framkvæmdir. Er vart undrunarefni að biskup drægi sig í hlé.

Einveldisskuldbinding 1662

Hvergi mun Brynjólfur biskups birtast eins skýrt sem forystumaður landsmanna og þegar glíma þurfti við konungsvaldið í Kópavori 1662. Jafnframt kemur þar fram ágæt samvinna þeirra Árna lögmanns Oddssonar.



Innsigli Íslands.

Árið 1648 dó Kristján IV og næsta ár, árið 1649, hylltu Íslendingar Friðrik III á Alþingi sem réttan Noregskonung og erfðakonung samkvæmt erfðabálki Jónsbókar. Friðrik var kjörkonungur í Danmörku og settu aðalsmenn skilyrði fyrir hyllingu hans.

Þróun mála í Danmörku leiddi til þess að konungi var falið að semja nýja stjórnarskrá og var hylltur sem erfðakonungur 18. október árið 1660 en þing leyst upp. Í janúar 1661 gaf konungur út skjal um erfðaeinveldi. Rituðu aðalsmenn, klerkar og borgarar undir, þótt konungur gengi feti framár en við hafði verið búist. Árið 1665 kom stjórnarskráin, Konungalögin, sem staðfesti að æðsta framkvæmdar-, löggjafar- og dómshald væri í höndum konungs.

Friðrik III var hylltur sem erfðaeinvaldur í Noregi í ágúst 1661. Vorið 1662 komu til Íslands bréf þess efnis að Íslendingar skyldu senda fulltrúa til næsta Alþingis til að hylla Friðrik III sem erfðakonung en ekki var minnst á einveldi í bréfum þessum. Varð ekki af hyllingu á Alþingi af því að fulltrúi konungs, Bjelke höfuðsmaður yfir Íslandi, kom ekki í tæka tíð.

Á Alþingi tók lögrétta til meðferðar afsögn lögmanns norðan og vestan, Magnúsar Björnssonar, sem bar við aldri og sjúkdómi. Í stað hans var kjörinn Þorleifur Kortsson. Magnús dó sama ár, um 67 ára. Lögrétta hafnaði lausnarbeiðni Árna Oddssonar þótt hann væri 70 ára gamall og gegndi hann starfi til næsta árs.

Á þinginu 1662 ályktuðu þingmenn að Friðrik III hefði þegar verið hylltur 1649 sem erfðakonungur á Íslandi og báðust undan annarri hyllingu. Henrik Bjelke, hirðstjóri og höfuðsmaður, kom til landsins eftir Alþingi og 12. dag júlímánaðar sendi hann út boð þess efnis að fulltrúar Íslendinga skyldu vera komnir á Bessastaði 26. júlí og skyldu sverja konungi hollustu 27. júlí, sem var sunnudagur, en mánudaginn 28. júlí setti Árni Oddsson þing í Kópavogi. Þar gerðist einkum þrennt frásagnarvert. Í fyrsta lagi hylltu fulltrúarnir Friðrik III sem erfðakonung. Í öðru lagi viðurkenndu þeir „Hans hæstaktaða áður nefnt kónglegt Maytt [þ.e. majestet] sem einn Absolut sauverejn og erfðaherra“ (gömul þýðing, líklega frá 1663, sbr. Skjöl um hylling Íslendinga, 91). Þannig höfðu þeir hyllt konung bæði sem erfðakonung og einveldiskonung.

ung. Í þriðja lagi gerðist það í Kópavogi 1662 að leikmenn rituðu sér og klerkar sér bænarskrá til konungs og báðu um að fá að halda fornum lögum og réttindum, nefndu fátækt og afbáðu nýjar álögur en minntust ekki á einveldi.

Heimildir um það sem gerðist í Kópavogi eru fáskrúðugar. Í bréfabók Brynjólfs biskups vantar blöð um Kópavogseiða en efnisyfirlit bendir til að þar hafi ekki verið neitt sem ekki er til annars staðar. Í annálum og öðrum heimildum segir fátt og er aðallega getið veislu sem stóð fram á nótt og var „sungíð og spilað upp á margs kyns hljóðfæri, skotið af þremur feltstykkjum í senn og þar til aftur svarað með skotum af kóngsins varnarskipi sem lá í Seilunni“, eins og Jón Halldórsson segir (Biskupasögur II, 110-11).

Árið 1907 voru dregnir fram úr handritasafni Jóns Sigurðssonar tveir sneplar með eigin hendi Árna Magnússonar og hafa orðið frægir. Á öðrum stendur, „Þegar arfhyllingareiðarnir voru teknir á Íslandi á Kópavogi voru þar soldáttar með gever (ég veit ei hve margir), tók mag. Brynjólfur í fyrstu nokkuð að tala við Bjelke um að Íslenskir vildi ei gjarnan so sleppa frá sér öllum privilegiis [réttindum] í annarra hendur hvar til Bjelke ei öðru svaraði en benti honum til þeirra er krintsen gjörðu (soldátanna) og spurði hvert hann sæi þessa. So stakk í stúf um tergiversationem [undanfærslurnar] og gekk hann og aðrir liðugir til þess er vera átti“. Á hinum sneplinum stendur, „Á Kópavogi, þá arfhyllingareiðarnir áttu að takast, vildi Árni lögmaður (þá gamall orðinn) ei i fyrstu leiðast þar til, stóð þar so einn dag eða þar um, að hann stóð streittur þar við, tandem minis cessit lacrymans [lét að lokum grátandi undan ógnunum] og sór so með öðrum. Relatio [frásögn] sr. B. á Snæfuglst“ (Skjöl um hylling Íslendinga, 103).

Heimildarmaður Árna að seinni sögunni var séra Björn Stefánsson á Snæfugls (-foks, -úlfs) -stöðum í Klausturhólasókn (f. um 1636, d. 1717). Hann var einn af fulltrúum á Kópavogsfundi.

Eins og fram er komið ákváðu Íslendingar árið 1663 að safna fé til gjafar handa Bjelke og fógeta svo að þeir afstýrðu nýjum álögum vegna varnarskips. Tilgangurinn með landssöfnuninni var raunverulega annar og meiri en að



losna eingöngu við framlög til varnarskipsins. Í bréfi prestastefnu 1663 er Bjelke beðinn að gerast málsvari klerkastéttar „bæði í því sem vér supplicando [umsækjandi] á fyrirfarandi ári með honum framsendum [þe. til Danmerkur] og so því sem oss má framvegis á liggja“ (Úr bréfabókum, 158). Hér er átt við bréf klerka ritað í Kópavogi 1662 um það að þeir fái að halda fornum lögum og réttindum og megi vera lausir við nýjar álögur. Leikmenn áskildu sér líka um leið að fá að halda framvegis fornum lögum og réttindum og báðir hópar vildu vafalaust reyna að tryggja með „æruskenk“ sínum að Bjelke framfylgdi óskum þeirra. Efni sneplanna bendir til að töluverð umræða og átök hafi orðið í Kópavogi og framkoma Árna Oddssonar, eins og henni er lýst, hreif landsmenn árið 1907 á tímum pólitískra átaka við Dani Breytingar á stjórnskipun komu fyrst fram hér 1683, sama ár sem Bjelke dó. Af þessu hafa menn dregið þá ályktun að Bjelke hafi lofað, þegar hann tók við peningagjöfum landsmanna, að koma í veg fyrir breytingar svo lengi sem hann mætti sín einhvers og hafi staðið við það.

Seint verður skorið úr um fjölmörg vafaatriði varðandi einveldisskuldbindingu. Aðeins er unnt að nefna það sem sennilegast má þykja. Gera verður ráð fyrir að forystumenn Íslendinga hafi skilið hvað einveldi fól í sér. Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður taldi að Íslendingar hefðu sýnt mótþróa og ekki skrifað undir fyrr en Bjelke lofaði að engar breytingar yrðu á stjórnskipan Íslands (lögum og réttindum) á meðan hann sjálfur fengi ráðið. Ekki er mjög sterk vísbending um þetta að nýrri embættaskipan var ekki komið á formlega fyrir en eftir lát Bjelke 1683 þegar stiftamtmaður, amtmaður og landfógeti tóku við. Í raun var hún komin á fyrir, Bjelke var eins konar stiftamtmaður en varð aldrei embættismaður í nýjum stíl þar sem hann hafði jafnan landið að léni. Hitt er ekki ósennilegt, sé miðað við fyrri samskipti Bjelkes, Brynjólfs og Árna, að undirmál hafi fylgt einveldisskuldbindingunni og jafnvel ádráttur um þóknun þá sem fram kom árið eftir. Árni lét sér annt um „fríheit og frelsi“. Fríheit merkir réttindi og mun helst átt við þrennt, rétt Íslendinga til embætta, frelsi frá föstum gjöldum eða álögum, öðrum en skatt, og í þriðja lagi frelsi til verslunar. Íslendingum hafði tekist að komast hjá spítalaskatti en um 1660 snerist Árni eindregið gegn því að manntalsfiski yrði komið á sem föstu gjaldi og var það mál óútljáð enn árið 1662. Verslun Íslendinga við aðrar erlendar þjóðir en Dani hafði verið mikil 1658-61 vegna stríðs Dana og

Svíá og hindrunar danskrar kaupsiglingar af þeim sökum. Taldi Árni nauðsyn brjóta lög að þessu leyti og gerði hann sér jafnvel vonir um rýmkun einokunar í bréfi árið 1658.

Bjelke gat heitið að reyna eftir mætti að tryggja Íslendingum umboð og embætti, koma í veg fyrir nýjar álögur og afstýra breytingum á stjórnarháttum Íslands. Máttur hans var mikill við hirð Friðriks III en báðir gátu þeir konungur fallið frá áður en varði. Skal því engan undra að Árni hafi ritað undir einveldisskuldbindingu með táraföllum og talið ljóst að mikið væri í húfi. Guðhræddir menn og geðríkir á 17. öld táruðust oft af minna tilefni. Bjelke gat vafalaust ekki gefið skýr fyrirheit eða skuldbundið sig til neins, aðeins lofað að reyna að hliðra til, vildu menn skrifa undir. Íslendingar komu til Bessastaða á laugardegi, skrifað var undir á mánudegi. Á sunnudegi gat Bjelke gert forystumönnum Íslendinga grein fyrir atburðum í Danmörku og Noregi, að danski aðallinn hefði verið kúgaður og Norðmenn ekki átt neitt undanfæri. Bjelke hafði sjálfur verið í Noregi árið áður og gat bent á að norsku stéttirnar hefðu sent með einveldisskuldbindingu beiðni til konungs um norskar stjórnarskrifstofur og stéttaping, skóla og hæstarétt. Á þetta ráð brugðu klerkar og leikmenn, undir forystu hinna konungshollu Brynjólfs og Árna, báðu konung um að fá að halda fornum réttindum. Konungshollir menn hafa ef til vill verið vongóðir um að slíkt gæti orðið, vegna náðar konungs og mildi.

Bjelke varð að fá undirskriftirnar með góðu eða illu og án fyrirvara. Brynjólfur biskup vildi forðast árekstur og lét gott heita en kempan Árni streittist við á mánudeginum. Auðvitað hlaut hann að skilja að hjá einveldi varð ekki komist en ef til vill hefur hann æskt ljósari loforða eða frekari fyrirheita af hálfu Bjelkes.

Íslenskir annálaritarar eru furðu fáorðir um atburði á Bessastöðum og í Kópavogi 27. og 28. júlí 1662, hugsanlega af því að viðhorfin gjörbreyttust á fáum árum og mönnum var óljúft að fjalla um mótþróa við konungsvald og einveldi. Deilur um manntalsfisk og umræða um óleyfða verslun sýna að fljótlega eftir 1662 kom nýtt hljóð í strokkinn, menn gerðust undirgefnir og forðuðust að styggja sinn einvaldskóng og erindreka hans.

Niðurstöður

Brynjólfur biskup var sjálfkjörinn foringi þegar þurfti að svara konungsvaldi. Var hann oft ráðagóður undir slíkum kringumstæðum og naut kunningskapar við Henrik Bjelke, hirðstjóra og höfuðsmann. Honum var líka til styrktar að hann átti góð samskipti við lögmennina Árna Oddsson og Magnús Björnsson en slík vinsemd með biskupi og lögmönnum hafði lítt tíðkast um langa hríð áður. Hins vegar munu margir veraldarhöfðingjar hafa tortryggt biskup og séð nokkrum ofsjónum yfir stöðu hans og velmekt, fundist hann minna um of á kaþólska biskupa. Var jafnan góðæri í tíð Brynjólfs og stóllinn dafnaði undir stjórn hans. Sjálfur stundaði biskup líka útgerð og jarðakaup fyrir sjálfan sig og mun sumum jarðeignamönnum hafa þótt hann óþarflega umsvifamikill á því sviði. Þegar kom að því að landsmenn þurftu öfluga forystu í þjóðþrifamáli, eins og spítalamálinu, bilaði öll samstaða. Traust manna á Brynjólfi, vanalegur dugnaður hans og gott samband við lögmenn olli miklu um að forysta í þessu máli kom mjög til kasta hans. En ágreiningur olli að hann dró sig í hlé, taldi þessa forystu ekki á verksviði sínu og kærði sig líklega ekki um að hafa meiri afskipti af þessu máli eða öðrum álíka en embættisskylda bauð honum beinlínis.

Heimildir

Alþingisbækur Íslands (Acta comitiorum generalium Islandiæ) VI (1640-1662) (1933-1940).

Annálar 1400-1800 I (1922)

Biskupasögur, sjá Jón Halldórsson.

Brynjólfur Sveinsson: *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*. Jón Helgason bjó til prentunar (1942).

(Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga. 12).

Helgi Þorláksson: Frá kirkjuvaldi til ríkisvalds. *Saga Íslands* VI. Ritsstj. Sigurður Línadal (2003).

Íslandslýsing. Qualiscunque description Islandiæ (1971).

Jón Halldórsson: *Biskupasögur Jóns Halldórssonar í Hítardal með viðbæti*. 1. Skálholtsbiskupar 1540-1801 (1903-10).

Saga Íslands VI, sjá Helgi Þorláksson.

Skjöl um hylling Íslendinga 1649 við Friðrik konung þriðja með viðbæti um Kópavogssærin 1662. (1914).

Úr bréfabókum, sjá Brynjólfur Sveinsson.

Heimspeki og fornmenntir á Íslandi á 17. öld

Um fræðaiðkun Brynjólfs biskups Sveinssonar

Einhverjum kynni að þykja það ofmælt, ef ekki beinlínis þversagnakennt, að halda því fram að Brynjólfur biskup Sveinsson (1605-1675) hafi verið einn mikilvirkasti fræðimaður sinnar tíðar á Íslandi þegar lítið sem ekkert af verkum hans komst á prent, bæði sökum þess að honum var ekki mjög tamt að ljúka þeim sem hann byrjaði á og eins vegna hins að hann byrjaði sjaldnast á þeim sem hann lagði drög að. Verða menn þá að hafa hugfast að aðstæður til umsvifamikillar útgáfu- og fræðastarfsemi voru tæpast fyrir hendi í Skálholti um miðja sautjándu öld. Þó að Brynjólfi yrði lítið úr verki eiga Íslendingar fræðimennsku hans að þakka að enn eru varðveitt mörg bestu skinnhandrit íslensk, til að mynda Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða, en þeim safnaði Brynjólfur í því skyni að gefa þau út á prenti. Í fræðaiðkun Brynjólfs má sjá stöðugt samspil tveggja menningarheima, hins norræna og hins latneska. Öll menntun Brynjólfs byggðist á hinum latneska, lærða heimi. En einmitt í krafti þessarar menntunar var Brynjólfur fær um að skilja hinn menningarheiminn sem hann tilheyrði, hinn íslenska. Segja má að starf hans hafi miðað að því að brúa bilið milli evrópskra latínumennta og norrænnar menningar, og jafnframt að vekja samtímamenn sína á Íslandi til vitundar um forníslenska menningu og gildi hennar. Hér á eftir verður reynt að gera stutta grein fyrir þessum þáttum í starfi Brynjólfs og samspili þeirra.

Ritstörf og menntun

Rit Brynjólfs eru aðeins varðveitt að hluta. Þau eru einkum af þrennum toga og flest samin á latínu.

Í fyrsta lagi skýringarrit. Þar skal fyrst telja skýringarnar yfir Rökræðulist franska rökfræðingsins Pierre de la Ramée (1515-72) eða Ramusar eins og

AD BEATAM VIRGINEM.

Virgo dei genitrix, quam dicere secula debent "Andere
Omnia protulit eunt, ysa te rati beatam.
Te matrem deus moluit inducere iudicis
Audet, necis licet et sublimior "odis." hymne
Da veniam studio, quod te festine vocatam
Latuit efficiente dei qua recessis astra. "Ingenti superat
Hae sapit et largo liquorem trahit ubere lumen "nectar
Præterea gemis qua non minus integra viror
Quod faciunt illi, sunt corpore cernis et audis.
Nauis ignavitas, sed corpus et arbitra, sensus.
Insuper hi poterint tibi munera certa referre,
Sicubi seise puer, de conditione tuarum,
Sed puer ex veteri pietate requirere matrem,
Ut bene sit generi, qua te vidit in hunc alim
Sic neque detrahit regitum super æthera divina. "degerunt
Iam qua sentierat tibi condoluisse parentem. "videtur
Filius ante amos, nunc te magis omnibus ornat. "auget
Demergit te capiti subcollas proxima cervix
picturas excipiens, qui desinit inde videretur
Hoc in honore quod pueri pro pueri illi "videtur, ardet.

5

Mariukvæði Brynjólfs biskups.
JS 318 4TO

hann nefndist á latínu, *Commentationum Dialecticarum P. Rami Libri II*, samið í Skálholti 1640-43 að því er ráða má af ártölum í handritinu. Rökræðulist Ramusar varð útbreidd í löndum mótmælenda og stóð um hana nokkur styrr, enda var Ramus ákafur andstæðingur aristotelískrar skólaspeki og vildi setja í hennar stað það sem hann taldi hina upprunalegu platónsku rökræðulist, listina að beita skynseminni vel. Skýringarrit Brynjólfs var skrifað upp eftir fyrirlestrum sem hann hélt í Skálholtsskóla. Ennfremur eru til tvö skýringarrit eða *Conjectanea* við Danasögu Saxo. Annað er það sem danski sagnaritarinn Stephanius nefndi *Notæ et Observata* og innlimaði í skýringar sínar við Saxo-útgáfu sína 1645. Hitt er það sem Brynjólfur kallaði *Pericula in Saxonem*, en af því eru aðeins inngangur og tveir kaflar varðveittir, þó að vitað sé að hann lauk að minnsta kosti við þrjá.

Í öðru lagi ritgerðir. Þar er um að ræða álitserðir eða svör við spurningum sem Brynjólfi voru sendar, annað hvort frá fræðimönnum í Kaupmannahöfn eða frá íslenskum embættismönnum og prestum. Fyrir fræðimenn eins og Ole Worm eða Otte Krag – en honum sendi Brynjólfur rit sitt *Historica de rebus islandicis narratio* árið 1647 – eru álitserðirnar oftast nær um Ísland, íslenskar bókmenntir, sögu eða landafræði og skrifar Brynjólfur um þessi efni á latínu. En álitserðir sem skrifaðar eru fyrir íslenska menn eru skrifaðar á íslensku og fjalla mest um atriði sem tengdust dómsmálum. Hin kunnasta þeirra er ritgerð um meðgöngutíma kvenna.

Í þriðja lagi er varðveittur nokkur latínukveðskapur eftir Brynjólfi, þar á meðal Mariukvæði og Krosskvæði, sem hann tileinkaði séra Páli Björnssyni í Selárdal.

Þessi eru sem sé helstu varðveittu rit Brynjólfs. En auk þeirra ber hér að nefna þýðingar þær sem hann byrjaði á eða lét gera. Þar má telja þýðingu á Nýja testamentinu úr grísku, sem hann hætti við vegna þess að hún fékkst ekki prentuð og þýðingar á fornsögum fyrir Stephanius og Worm. Hér má einnig nefna handritasöfnun hans og afritun handrita sem oft eru geysínákvæmar og eru engar ýkjur að segja að þar hafi hann verið langt á undan sínum tíma. Frægasti skrifari Brynjólfs var Jón Erlendsson bóndi og prestur í Villingaholti, sem skrifaði meðal annars upp Íslendingabók fyrir Brynjólfi.

Einnig er vitað að hann byrjaði um 1656 að safna íslenskum málsháttum í anda málsháttasafns Erasmusar frá Rotterdam að undirlagi Henriks Bjelke en ekkert varð úr því heldur. Hann hafði að vísu gert eitthvað í þessa áttina í *Notæ et Observata* þar sem hann bar málshætti hjá Saxo saman við íslenska málshætti. En ekki má gleyma veigamikilli heimild um vitneskju vora um hugðarefni Brynjólfs, skránni yfir grískar og latneskar bækur hans. Þar má lesa 266 bókatitla. Aðeins fáar þessara bóka eru enn varðveittar, en skráin gefur traust yfirlit yfir áhugamál hans, þó að vitaskuld séu ekki nefndar þar allar bækur sem hann átti. Meðal þeirra bóka sem hann átti var *Disquisitio metaphysica* eftir Pierre Gassendi sem hefur að geyma gagnrýni á heimspeki Descartes.

Í upphafi ferils síns hefur Brynjólfur fyrst og fremst hneigst til grískra og rómverskra fornfræða og hann hefur haft staðgóða þekkingu í grísku og heimspeki. Hann sigldi til Kaupmannahafnar árið 1624 og lagði þar stund á guðfræði og heimspeki en líka læknisfræði og stjörnufræði auk grísku og hebresku. Árið 1629, þegar hann hafði lokið námi, hvarf hann aftur til Íslands, reyndi árangurslaust að fá stöðu við latínuskólann á Hólum og í Skálholti, ennfremur var biskupsstaða laus en ekki féll hún heldur í hans hlut. Þess í stað settist hann að heima í Önundarfirði hjá foreldrum sínum og las grísku upp á eigin spýtur. En þar sem enga stöðu var að fá afréð hann að sigla aftur til Hafnar 1631 og halda áfram námi. Það mun hafa verið einn kennari hans, H.P. Resen sem jafnframt var biskup yfir Sjálandi, sem kom því til leiðar að Brynjólfur var ráðinn konrektor við latínuskólann í Hróarskeldu árið 1632, í kjölfar næsta óvenjulegs atburðar, sem greint er frá í nokkrum heimildum. Svo virðist sem Brynjólfur hafi kynnt Grikkja nokkurn, Romanus Nicephorus að nafni, fyrir H.P. Resen og að Grikkinn hafi hælt Brynjólfi fyrir góða grískukunnáttu. Greiðann launaði Romanus Nicephorus með því að ræða mál Brynjólfs við Resen og í kjölfarið fékk Brynjólfur konrektorsstöðuna sem þá var laus. Meistaranafnbót í heimspeki hlaut hann 1633 og kenndi í Hróarskeldu til ársins 1638 þegar hann hugðist leggja land undir fót til frekara náms og var búinn að kría út styrk til þess. Er skemmst frá því að segja að í stuttri ferð til Íslands sumarið 1638 var hann kjörinn biskup í Skálholti þvert ofan í allar óskir og áætlanir. Veturinn eftir sat hann í Höfn og beið svars við undanfærslubréfi sínu, en í því segist hann hvorki vera

*Sviðsmynd úr Í Skálholti eftir
Guðmund Kamban í uppsærlu
Leikfélags Reykjavíkur 1945.*



guðfræðingur né lögfræðingur, heldur hafi hann einkum lagt sig eftir báðum fornmalunum, heimspeki og skáldskaparfræðum og kveðst umfram allt vera skólamaður og kennari. En hinir lærðu á konsistóríinu kváðu upp úr með það að hann skyldi vígður einmitt af því hann væri skólamaður og kennari, því að skólinn í Skálholti hefði mikla þörf fyrir slíkan mann. Brynjólfur varð því að hverfa aftur til Íslands.

Ramus og rökræðulist

Heimkominn til Íslands hófst Brynjólfur handa við tvennt. Annars vegar að kenna rökfræði í Skálholtsskóla, hinsvegar að aðstoða danska sagnfræðinginn Stephan J. Stephanius, sem var góðvinur hans, við að semja skýringar við Danasögu Saxa. Í Skálholtsskóla gerði hann breytingar á rökfræðikennslunni og las sjálfur fyrir „þrisvar í viku *explicationem et commentarium* yfir Petri Rami *dialecticam*“ eins og Torfi Jónsson orðar það. Skýringarritið yfir Ramus sem varðveitt er byggir á þessum fyrirlestrum. Það er 281 blað (562 bls.) að stærð í fjórblöðungsbroti, en þrátt fyrir það nær ritið aðeins yfir fyrstu 10 kaflana í fyrri bók Rökræðulistar Ramusar. Einnig er ljóst að upphaflega hefur ætlunin verið að spanna alla Rökræðulistina, því að Brynjólfur hefur

hugað sér tvær bækur skýringa, sína fyrir hvorn hluta Rökræðulistarinnar. Í skýringarritinu leggur Brynjólfur áherslu á einingu hugtakanna í andstæðum sínum og reynir hann að draga fram og skýra ýmsar þær platónsku forsendur sem rökræðulist Ramusar byggist á. Meginhugmynd Ramusar er sú að hlutverk rökræðulistarinnar sé að laða fram hinn náttúrlega hæfileika mannsins til þess að beita skynseminni og þjálfar hann í því að gera það vel. Skýringarrit Brynjólfs dregur dóm af skýringarritum endurreisnartímabilsins, þar eð Brynjólfur ber eigin sjónarmið saman við skoðanir annarra og gefur oft fjölda tilvitnana úr mörgum heimildum til þess að sanna mál sitt eða hrekja skoðanir hinnar aristótelísku skólaspeki. Framsetning hans á rökræðulistinni byggir því á kennivaldi engu síður en rökhugsun.


Þó að Brynjólfur hafi innleitt Rökræðulist Ramusar í Skálholt um 1640, var heimspeki Ramusar í sjálfu sér ekkert nýmæli meðal Íslendinga. Að minnsta kosti tveir lærðustu menn þjóðarinnar höfðu kynnst henni á námsárum sínum í Kaupmannahöfn upp úr 1580. Það voru Oddur biskup Einarsson (eða Otto Einarus eins og hann nefndist þar) og Arngrímur Jónsson lærði. Heimildin fyrir áhuga Odds á heimspeki Ramusar er frásögn Jóns Thorchillius í Kiøbenhavnske Nye Tidende om lærde og curieuse Sager árið 1792 þar sem hann segir Odd hafa lagt sig eftir heimspeki, *ramistica imprimis*, og stjörnufræði, en Oddur var nemandi Tycho Brahe. Thorchillius nefnir að vísu ekki heimspeki Ramusar í riti sínu *Specimen Islandiæ non barbaræ* en það kemur vel heim og saman við tíma og stað að Oddur hafi hneigst til ramískrar heimspeki, þó að ekki sé víst að það hafi verið í jafnmiklum mæli og Brynjólfur. Um Arngrím er það að segja að hann nefnir sjálfur Ramus á nafn oft í ritum sínum og segir um hann að hann sé *in omnium literarum genere scriptor exquisitus* (hinn ágætasti höfundur í öllum bóklegum menntum). Auk þess studdist Arngrímur við rit Ramusar þegar hann samdi latneska málfræði sína, *Grammatica*, sem hann gaf út á Hólum árið 1616, en þar reyndi hann að laga málfræði Ramusar að málfræði Melanchtons. Því má telja að heimspeki Ramusar hafi verið þekkt á Íslandi í byrjun 17. aldar, bæði í Skálholti og á Hólum, um svipað leyti og vegur hennar reis hvað hæst í Danaveldi. En nokkru eftir aldamótin 1600 hvarf heimspeki Ramusar að mestu af sjónarsviðinu í Danmörku, og við tók einhvers konar aristótelísk skólaspeki.

Nú ber heimildum saman um að Brynjólfur hafi framan af verið hallur undir heimspeki Aristótelesar. Torfi Jónsson segir að Brynjólfur hafi á æskuárunum kynnst heimspeki Aristótelesar við að lesa rökfræði Crells, sem hafi að vísu ekki verið notuð í skólakennslu í Skálholti. Fleira er til marks um að hann hafi verið vel heima í Aristótelesi, bæði sagan af fundi hans og Grikkjans í Kaupmannahöfn, þar sem minnst er á þekkingu hans á Aristótelesi, og skráin yfir bókasafn hans en þar sést að hann hefur átt tvær útgáfur af heildarverkum Aristótelesar á grísku. Þetta kemur líka heim og saman við upplýsingar Finns Jónssonar í *Historia Ecclesiastica* um rökfræðikennsluna í Skálholti. Samkvæmt því var notuð Rökræðulist Melanktóns þar til Brynjólfur kom til skjalanna. Auk þess virðast kennarar Brynjólfs í Kaupmannahöfn hafa verið fylgismenn aristotelískrar heimspeki, og einkakennarar hans, Bartholin og Brochmann, eru langt frá því að vera þekktir að ákøfum stuðningi við málstað ramískrar heimspeki. Í skýringarriti sínu kemur Brynjólfur samt fram sem baráttuglaður fylgismaður Ramusar og minnir tónninn í skrifum hans oft á varnarrit danska heimspekingsins Andrésar Krag's fyrir Ramus frá árunum upp úr 1580. Hvenær og hvers vegna varð Brynjólfur þá sá ákafi málsvirjandi Ramusar sem skýringarritið ber vitni um? Torfi Jónsson segir að þegar Brynjólfur byrjaði fyrirlestra sína um Rökræðulist Ramusar hefði hann „þá fyrir nokkru frá sér lagt *aristotelicam philosophiam et methodum*. Ekki er gott að átta sig á því hvernig eigi að skilja þetta. Jón Halldórsson gerir að umtalsefni rökræðu þar sem Brynjólfur á að hafa att kappi við Brochmann á árunum 1631-32 og þar á hann að hafa beitt „dispútatíuaðferð Petri Rami“. Gallinn er bara sá að ekki er til nein sérstök ramísk „dispútatíuaðferð“, en þó kynni að vera að orðið dispútatía sé hér lagt að jöfnu við rökræðulist. En hugsanlegt er að áhugi Brynjólfs á heimspeki Ramusar, eða a.m.k. á rökræðulist í anda fornmenntastefnunnar, hafi vaknað um þetta leyti. Því til stuðnings má benda á eintak hans af Rökræðulist Rudolfs Agricola sem er varðveitt í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Þessa bók hefur Brynjólfur eignast 1630, þ.e.a.s. þegar hann sat heima í Önundarfirði og las grísku. Aðrar bækur sem bera fangamark hans, LL (*Lupus Loricatus* = Brynjólfur) og er að finna í Konungsbókhlöðu eru *Philosophia naturalis* (Náttúruspeki) sem hann hefur eignast í Kaupmannahöfn 1632, bók með verki eftir Platón, líka í Kaupmannahöfn 1632 og Pindar í Hróaskeldu 1633. (Ennfremur eru þar *Schedismata variorum* bundin saman við *Dichaerardi Geographia* 1635 og Photi-

us á grísku 1638. Eintak hans af *Adagia* (Málsháttasafni) Erasmusar er varðveitt í Landsbókasafni Íslands). Fyrirnefndu bækurnar kynnu einkum að vera vísbending um áhuga á platónskri heimspeki. Löngu síðar, í bréfi til Vilhelm Lange árið 1656, kemur Brynjólfur fram sem platónisti, vitnar í Ríkið eftir Platón og ber Friðrik konung saman við heimspekikonunginn. En hvað sem þessum vangaveltum líður, hlýtur grundvöllurinn að skýringarritinu yfir Ramus að hafa verið lagður í Danmörku, því að Brynjólfur vitnar þar í fleiri höfunda en getið er um í bókaskrá hans og notar auk þess rit sem hann kvartar yfir að eiga ekki í bréfi til Worm 1648 (skýringarritið er skrifað 1640-43). Þetta verður að túlka þannig að hann hafi að einhverju leyti skrifað skýringar sínar upp úr minnispunktum sem hann hefur hripað hjá sér, annaðhvort sem konrektor í Hróarskeldu eða meðan hann sat í Kaupmannahöfn veturinn 1638-39 og beið eftir að biskupskjörsmálið leystist.

Forn íslensk fræði

Sennilega hefur áhugi Brynjólfs á fornum íslenskum fræðum vaknað um þetta leyti. Að minnsta kosti verður að telja ólíklegt að það hafi verið miklu fyrr, því að bréfaskipti Þorláks Skúlasonar og Worms árin 1630-32 sýna að Brynjólfur hefur afráðið að setjast að í Danmörku og starfa þar. Í ljósi þessa verður skiljanlegra hvers vegna hann var jafn mótfallinn biskupskjörinu og raun bar vitni. Eins og fyrr var frá greint bendir allt til þess að hann hafi umfram allt verið klassískur fornfræðingur. En strax árið 1639 færir hann Stephaniusi að gjöf Uppsalaþók Snorra-Eddu, og 1641 sendir hann honum *Notæ et Observata* við formála og tvær fyrstu bækur Danasögu Saxos, sem Stephanius tók upp í *Notæ Uberiores* árið 1645. Árið 1642 vinnur Torfi Jónsson á vegum Brynjólfs við að þýða Ragnars sögu loðbrókar á latínu og 1645 sendir Brynjólfur Stephaniusi uppskrift af Sæmundar-Eddu. Þessi atriði gætu bent til þess að Stephanius hafi átt nokkurn þátt í því að kynda undir áhuga Brynjólfs á fornum íslenskum fræðum. Sjálfur eignar Brynjólfur Worm heiðurinn af þessu í bréfi til Worm sjálfs, og segir að hann hafi „vakið sig af værum blundi“ varðandi íslensk fornfræði, en *qua scriptis qua exemplo* (jafnt með ritum sem fordæmi) bætir hann við, enda eru engar heimildir fyrir meira en formlegu sambandi milli Brynjólfs og Worms áður en bréfaskipti þeirra hefjast árið 1648. Worm hafði að vísu kennt Brynjólfi eðlisfræði og læknisfræði, og Brynjólfur beðið hann að mæla með sér við Þorlák biskup Skúlason



AM 814 4to.



Ole Worm.

þegar hann sóttist eftir stöðu við Hólaskóla, en ástæðan fyrir því hlýtur frekar að vera tengsl Worms og Þorláks en Brynjólfs og Worms. Worm talar frekar ópersónulega um Brynjólf, en þeir hafa vissulega þekkt. Aftur á móti talar Brynjólfur um Stephanius sem „sinn góðan langvin“ og hann hefur einkum haft samband við Stephanius áður en Worm skrifar honum að undirlagi Kragis 1648. Hins vegar eru bréfaskipti Stephaniusar og Brynjólfs ekki varðveitt, utan smákafli sem Stephanius hefur tekið upp í skýringar sínar við Saxo. Að minnsta kosti er ljóst að áhugi Brynjólfs á íslenskum fornfræðum er til kominn vegna danskra vina hans og kunningja, umfram allt Stephaniusar og Worms.

Hugsanlegt er að ástæðan fyrir því að Brynjólfur lauk ekki við skýringarrit sitt um Ramus hafi meðfram verið vaxandi áhugi hans á íslenskum fornfræðum. Skýringarritið er einmitt samið á árunum 1640-43, á sama tíma og *Notæ et Observata* og sennilega hefur það verið um líkt leyti að hann tók að vinna að *Pericula in Saxonem*. En hér skortir bréfaskipti Stephaniusar og Brynjólfs. Í bréfi sem Worm sendi Torfa Jónssyni 1647 fagnar hann því að biskupinn skuli vera byrjaður að stunda íslensk fornfræði. Sama ár skrifar Brynjólfur *Historica de rebus islandicis narratio* þar sem hann minnst á *Conjectanea* (*Pericula*). Samkvæmt frásögn Torfa Jónssonar hafði Brynjólfur áætlað tíu kapitula og var búinn með þrjá, þar af eru tveir varðveittir (nema telja eigi innganginn sem fyrsta kapitulann, þá er allt varðveitt sem Brynjólfur hefur gengið frá), en Jón Halldórsson segir að hann hafi áætlað 20, lagt drög að 10 og hreinritað þrjá sem hann lánaði Henrik Bjelke en fékk ekki aftur og hafi hætt við verkið í kjölfar þess.

Sömu sögu er að segja af hugmyndum Brynjólfs um að prenta forníslenskar bókmenntir. Af bréfi hans til Lange 1656 sést að handritasöfnun hans hefur fyrst og fremst verið til þess hugsuð að prenta mætti fornritin *per columnellas* (í dálkum), þar sem frummálið yrði í einum dálki og dönsk eða öllu heldur latnesk þýðing í hinum. Honum var ljóst að Danir gátu ekki notfært sér þessi rit án stuðnings Íslendinga, sem og var raunin á þessum tíma, og að ef fornritin yrðu ekki prentuð væri hætt á að þekking manna á þeim glataðist, því að þeir væru fáir sem gætu lesið gömul handrit. Þetta staðfestist reyndar í bréfi Worms til Stephaniusar árið 1641 þar sem hann segir að *In prisca hac*



*Íslandskort Þórðar Þorlákssonar
frá 1670.*

lingua et literatura plane idiotæ sunt hi qui hic reperiuntur Islandi, nobis nulli usui (í þessari fornu tungu og bókmenntum eru þeir Íslendingar sem hér [í Kaupmannahöfn] fyrirfinnast hreinir fáraðlingar, okkur vita gagnslausir). Brynjólfur gerir ráð fyrir því að til hafi verið eitthvað sem kalla mætti hina fornu heimspeki og guðfræði, sem kristnin hefði að mestu bælt niður. Sagnaritunin telur hann hinsvegar að hafi varðveist betur, sennilega vegna þess að hún braut ekki að hans dómi eins þverlega í bág við kristna trúfræði og hin forni heiðni síður hafði gert. Brynjólfur virðist framar öllu hafa haft áhuga á þessari hlið fornmenningarinnar; hann virðist ekki hafa gert Íslendingasögurnar eða fornritin almennt að stílfyrirmyndum í anda fornmenntastefnunnar, eins og tíðkaðist t.d. í latínuskólunum þar sem nemendur voru látnir líkja eftir klassískum höfundum. Það er ekki fyrr en nokkru seinna að dæmi þess sjást í íslenskum móðurmálsbókmenntum, og eitt fyrsta og besta dæmið um áhrif frá fornbókmenntunum má sjá hjá Stefáni Ólafssyni, sem var ritari Brynjólfs á árunum 1642-43, í kvæðinu Nýjársgjöf sem dregur mikinn dām af Eddukvæðum.

Tilgangurinn sem vakti fyrir Brynjólfi með hugmyndinni um útgáfu íslenskra fornrita og hugmyndir hans um gagn þeirra og gildi koma fram í bréfi hans til Lange 1656. Þar lýsir hann skilningi sínum á þýðingu þeirra fyrir íslenska menningu og – eins og sannur rökræðumaður – þýðingu íslenskrar menningar fyrir þau. Á sama hátt og jurtir sækja næringu sína hver í sinn jarðveg, þannig verður að rækta fornritin á Íslandi, þar sem þau eru upprunnin. Vissulega er hægt að flytja handrit til útlanda og varðveita þau þar, en þar sem enginn getur lesið þau eru þau einskis nýt og þeir sem annars gætu lesið þau eiga þess ekki kost af því að þeir hafa engar bækur. Þess vegna verður að prenta þau. Brynjólfur hafði ítrekað reynt að fá prentleyfi til handa Skálholtsstað, en Þorlákur Skúlason Hólabiskup var andvígur þeim áformum Brynjólfs strax fyrir 1650. Í bréfi til Marcus Meibom, bókavarðar konungs, árið 1662 segir Brynjólfur að hann sé hættur að fást við fornfræði en lýsir þó enn ósk sinni um að fornritin verði gefin út og nú í Kaupmannahöfn. En ekkert varð úr því heldur. Það var ekki fyrr en nokkru síðar, í tíð eftirmanns Brynjólfs, Þórðar Þorlákssonar, sem flutti prentverkið til Skálholts, að fyrstu íslensku fornritin voru prentuð hér á landi.

Þó að Brynjólfur hafi þannig farið að ástunda forn íslensk fræði og ekki viljað vera *hospes domi* (gestur í heimahúsum) í fornfræðum, eins og Torfi Jónsson segir, þá sneri hann ekki bakinu við heimspekinni að fullu og öllu, eins og marka má af því að enn árið 1669 biður hann um að fá sent rit Diogenesar Laertiusar, Ævi og kenningar merkra heimspekinga. Það má jafnvel til sanns vegar færa að áhugasvið hans innan fornfræðanna hafi mótast af heimspekinni. En auk þess ráðgerði hann bók um lífsskoðun Íslendinga að fornu, *De priscorum septentrionalium dogmate ac ritu* (Um trú og siði norrænna manna í fornöld). Ætlun hans var að bera hana saman við hina grísk-rómversku. Einkum nefnir hann heimspeki Platóns og Pýþagórasar og hugsar sér tengsl milli þessara heimspekistefna og hinnar fornu íslensku heimspeki. Einmitt í þessu sambandi biður hann Worm að senda sér rit eftir Platón, Marsilio Ficino og fleiri. Sennilega hefur hann fyrst og fremst verið að hugsa um sálarfræðina. Strax í *Pericula in Saxonem* var hann byrjaður að fást við þetta efni. Þriðji kaflinn hefur, ef marka má *Historica narratio*, haft að geyma efni sem kemur heim og saman við það sem vitað er úr öðrum heim-

ildum um hugmyndir Brynjólfs um þessa bók og hefur meðal annars fjallað að einhverju leyti um goðafræði Íslendinga hinna fornu.

Andstæðir menningarheimar

Samspil menningarheimanna tveggja á rithöfundarferli og í starfi Brynjólfs átti sér því ekki aðeins stað á sviði máls, heldur líka mennta og menningar. Eins og sagt var hér í upphafi byggðist öll menntun Brynjólfs á hinum latneska, lærða heimi, en hún gerði honum kleift að öðlast skilning á hinum íslenska menningarheimi. En þetta þýddi að honum varð ljóst það djúp sem var á milli ekki bara danskra kunningja hans úr hópi menntamanna, heldur líka samtímamanna hans íslenskra og hinnar fornu íslensku menningar. Þannig stóð hann frammi fyrir tvöfaldri hindrun: annars vegar milli latínu-mennta og norrænnar menningar, hins vegar milli forníslenskrar menningar og samtíma síns á Íslandi. Og einmitt þess vegna þurfti að gefa fornritin út, prenta þau. Ekki var nóg að varðveita gömul handrit, því að of fáir kunnu að lesa þau. Hins vegar höfðu Danir allt of litla þekkingu á íslensku máli og þurftu á Íslendingum að halda til að þýða fyrir sig. Þess vegna átti það að vera *per columnellas*, latína og þjóðtunga hlið við hlið, til þess að gagnast bæði lærðum og þeim sem gátu ekki lesið latínu, og á þennan hátt yrðu ritin tekinn inn í báða menningarheimana.

En þó að það væri þannig mikið sem mælti gegn einingu þessara tveggja menningarheima, hins latneska og hins norræna, þá var Brynjólfur sennilega sannfærður um að ef málið væri skoðað í heild ættu þeir þó nokkuð sameiginlegt. Þessu til stuðnings hafði hann tvö sjónarmið, eitt heimspekilegt, eitt sögulegt. Í skýringarritinu yfir Ramus kemur fram að Brynjólfur sem nýplátónisti lítur svo á að allir hlutir séu komnir frá hinu Eina, og beri með sér svip einingarinnar, ekki þrátt fyrir að þeir séu margir, heldur einmitt í margbreytileik sínum, því að ekki sé til eitt hugtak án annars, engin margbreytni án einingar. Í öðru lagi hefur hann getað lesið í formála Snorra-Eddu um för Ásanna frá Tróju og Tyrklandi, þannig að það sem við fyrstu sýn virtust vera tveir gerólikir heimar, voru upprunalega ættaðir frá sama stað. Þannig mátti setta þessar andstæður á sviði hugtaka og uppruna. En raunveruleikinn var allur annar, og ef til vill mætti skoða starfsferil Brynjólfs sem lýsandi dæmi þessara ósættanlegu andstæðna.

Heimildir

- Brynjólfur Sveinsson, *Commentationum Dialecticarum P. Rami in Schola Scalholtina ab LL. dictatarum & ex dictantis ore exepatarum Anno 1640 etc Libri II*, AM 814 4to, handrit í Árnasafni.
- Brynjólfur Sveinsson, *Coniectaneorum Saxonianorum in Præfationem Periculum I et II*, AM 856 4to, handrit í Árnasafni.
- Brynjólfur Sveinsson, „Historica de rebus islandicis narratio“, í útgáfu Jakobs Benediktssonar, *Two treatises on Iceland from the 17th century* (Bibliotheca Arnamagnæana III), Hafnía 1943.
- Einar Sigurbjörnsson, „Ekumenik på Island under 1600-talet: Biskop Brynjólfur Sveinssons Mariadikt“, *In unitatem fidei: Festschrift till Per Erik Persson* (Religio, 29), ritstj. Per Frostin o.fl., Lund, 1989, bls. 190-199.
- Finnur Jónsson, *Historia Ecclesiastica Islandiæ*, Havnía 1772-78, einkum Tomus III, Periodus VI, Sectio III, Cap. II: De Brynjolfo Svenonio. Havnía 1775, bls. 602-664.
- Jakob Benediktsson (útg.), *Arngrimi Jonæ opera latine conscripta*, vol. II og IV (Bibliotheca Arnamagnæana X og XII), Hafnía 1951 og 1957.
- Jakob Benediktsson (útg.), *Ole Worm's correspondence with Icelanders* (Bibliotheca Arnamagnæana VII), Hafnía 1948.
- Jakob Benediktsson, „Íslenskar heimildir í Saxo-skýringum Stephaniusar“, *Árbók Landsbókasafns* 1946-47, Reykjavík 1948, bls. 104-114.
- Jón Halldórsson, „Sjötti evangeliski Biskup í Skálholti, Mag. Brynjólfur Sveinsson“, *Biskupasögur* I, bls. 222-308.
- Jón Helgason (útg.), *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar* (Safn Fræðafélagsins XII), Kaupmannahöfn 1942.
- Jón Helgason, „Bókasafn Brynjólfs biskups“, *Árbók Landsbókasafns* 1946-47, Reykjavík 1948, bls. 115-147.
- Jón Thorchillius, *Specimen historiæ Islandiæ non barbaræ*, upplýsingar fengnar úr fyrirlestri Sigurðar Péturssonar um Thorkillius á málþinginu „Latinsk litteratur i Norden efter reformationen“. *Kjøbenhavnske Nye Tidende om lærde og curieuse Sager*, num. XXII, Den 2 Junii 1792. Lbs. 40 fol., handrit í Landsbókasafni Íslands, Reykjavík.
- Páll Vídalín, *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum I* (útg. Jón Samsonarson), Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík 1986.
- Stefán Ólafsson: *Ljóðmæli*, Andrés Björnsson gaf út (Íslensk Úrvalsrit), Menningarssjóður, Reykjavík 1948.
- Torfi Jónsson, „Evisaga þess veleðla, virðuglega og hálærða Herra Mag. Brynjólfs Sveinssonar“, prentað í Jón Halldórsson: *Biskupasögur* II, Reykjavík 1903-1915, bls. 327-84.
- Áður birt í Hugur: Tímarit um heimspeki, 1. ár, 1988, bls. 89-100; nokkrar augljósar villur leiðréttar hér.
- Eftir að ritgerðin birtist hefur Einar G. Pétursson fjallað nánar um hið fyrirhugaða rit Brynjólfs um fornan átrúnað í bók sinni, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða: Þættir úr fræðasögu 17. aldar*, 2 bindi, Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1998; sjá einnig Einar G. Pétursson, „Brynjólfur biskup Sveinsson, forn átrúnaður og Eddurnar“, *Old Norse Myths, Literature & Society*, ritstj. Geraldine Barnes og Margaret Clunies Ross, Sydney: Centre for Medieval Studies, University of Sydney, 2000, bls. 75-84.



Brynjólfur biskup og 17. öldin

Styrktaraðilar:

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Kirkjuráð

Landsbanki Íslands

Menningarsjóður

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur

Reykjavíkurborg

Ríkisstjórn Íslands

Seðlabanki Íslands

SPRON